

Innköllun á öllum kald- og heitreyktum afurðum frá Ópal Sjávarfang ehf

Eftir nýlega innköllun á Graflax, þá eru vísbendingar um að félagið hafi ekki náð fyllilega að uppræta örverur sem geta haft neikvæð áhrif á heilsu fólks. Því höfum við ákveðið að ganga alla leið og innkalla allar reyktar afurðir, sem kunna að vera í verslunum, þ.e.a.s. reyktan lax, heitreyktan lax, reykt fjallableikju, heitreyktan makríl og léttreykta síld, framleiddu af Ópal Sjávarfang. Við munum einnig stöðva starfsemi, markaðsetningu, framleiðslu og dreifingu tímabundið meðan við erum í aðgerðum og náum að vinna bug á vandanum.

Unnið er að umbótum í samstarfi og undir eftirliti Matvælastofnunar.

Átt er við allan kaldreyktan lax, heitreyktan lax, reykt fjallableikju, reyktan makríl og síld. Skiptir þá ekki máli hvort um sé að ræða bita, hálfflök, flök eða sneiðar. Þessi innköllun tekur til allra lotunúmera á reyktum afurðum frá Ópal Sjávarfang sem eru á markaði, síðustu notkunardagar í janúar, febrúar og mars.

Þeir sem eiga reyktan lax frá því í desember eða janúar í frysti hjá sér, eru einnig beiðnir um að hafa samband og skila honum og fá endurgreiðslu.

Vinsamlegast hafið samband við 517 66 30,- eða í e-mail opal@opal.is til að fá leiðbeiningar og til að tryggja endurgreiðslu.

Vöruheiti	Strikamerki	Mynd af afurðunum
Ópal Birkireyktur laxabiti.	23 273 21 00000 V	
Ópal Birkireykt Hálfflök	23 273 22 00000 V	
Ópal Reyktar laxa sneiðar 100 gr	5 69423010104	

Ópal Reyktar laxa sneiðar 300 gr	5 694230 101177	
Ópal Reyktur laxaafskurður, 400 gr	569423010133	
Ópal Reykt Fjallableikja í sneiðum, 100 gr	5 694230 101368	
Ópal Reykt Fjallableikja í bitum	23 273 66 00000 V	
Heitreyktur laxabiti m/provencal kryddi	23 273 32 00000 V	
Heitreykt laxakurl, 400 gr	569 4230303 03	
Heitreyktur makrill m/Pipar	23 273 33 00000 V	
Léttreykt síld, roðlaus.	5 694230 101320	

Vöruheiti: Ópal birkireyktur laxabiti og flök
Ópal birkireyktar laxasneiðar
Ópal reykt fjallableikja (Bæði bitar og sneiðar)
Ópal heitreyktur laxabiti
Ópal heitreyktur makrill
Ópal léttreykt síldarflök

Framleiðandi: Ópal Sjávarfang ehf, Grandatröð 4, 220 Hafnarfjörður.

Dreifingaraðilar: Verslanir 10-11
Verslanir Hagkaupa
Verslanir Nettó/Kjörbúðin og Krambúðin
Melabúðin
Verslanir Iceland
Verslunin Kvosin